



## Ákvörðun nr. 3/2022

### Afturköllun ákvörðunar FST um gildandi kvaðir varðandi IP-MPLS kerfi Mílu frá 16. desember 2021

(mál nr. 2022010086)

#### I.

##### Tildrög máls

(1) Með ákvörðunum Fjaraskiptastofu (FST) nr. 8/2014 og 21/2015 útnefndi FST Mílu ehf. (Míla) eitt fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á leigulínumörkuðum og lagði viðeigandi kvaðir á félagið. Þar kom skýrt fram að mati FST að IP-MPLS kerfi heyrðu undir þá markaði. Þann 1. janúar 2021 færðust tilteknir kerfisþættir, þ.m.t. umrætt IP-MPLS kerfi, frá Símanum hf. (Síminn) til Mílu. Frá þeim tíma hefur Míla veitt Símanum heildsöluþjónustu um það kerfi.

(2) FST hafði orðið þess áskynja að Míla liti mögulega svo á að heildsöluþjónusta um umrætt IP-MPLS kerfi væri ekki undir kvöðum. Þann 3. nóvember 2021 sendi stofnunin Mílu fyrirspurn og óskaði eftir formlegri afstöðu félagsins til þessa atriðis. Í svari Mílu, dags. 25. nóvember s.á., barst svar Mílu sem var á þá leið að félagið liti ekki svo á að kerfið væri undir kvöðum samkvæmt ofangreindum ákvörðunum FST.

(3) Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og sem viðleitni til að forðast það að færa málið strax í formlegt ákvörðunarferli, sem mögulega hefði getið falið í sér ákvörðun um að Míla hafi brotið gegn kvöðum í ofangreindum ákvörðunum, taldi FST rétt þann 16. desember 2021, að áréttta það við Mílu að FST liti svo á að umræddar kvaðir hvíldu á Mílu vegna IP-MPLS kerfisins. FST leit svo á að um væri að ræða óbindandi tilmæli eða leiðbeiningar til Mílu að fara eftir umræddum kvöðum á þessu stigi. FST leit því ekki svo á að um sérstaka formlega ákvörðun væri að ræða, enda var umrædd stjórnvaldsathöfn ekki undirbúin og unnin í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. FST var fyllilega meðvituð um að til formlegs ákvörðunarferlis gæti komið, sinnti Míla ekki framangreindum óbindandi tilmælum/leiðbeiningum.

(4) Míla kaus á hinn bóginn að kæra umrædda áréttingu FST á þeim forsendum að um væri að ræða formlega stjórnvaldsákvörðun sem krafist væri ógildingar á. Krafðist Míla einnig að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar yrði frestað. Lagðist stofnunin gegn þeirri kröfu og tók m.a. fram að stofnunin teldi ekki að um kæranalega stjórnvaldsákvörðun væri að ræða, en tók fram að frekari rökstuðningur fyrir þeirri skoðun myndi koma fram í seinni greinargerð stofnunarinnar um efnislegan þátt kærunnar.

(5) Með úrskurði ÚFP frá 11. febrúar s.l. var fallist á kröfu Mílu um frestun réttaráhrifa. Þar komst nefndin að þeirri niðurstöðu að um hafi verið að ræða formlega stjórnvaldsákvörðun.

(6) Með tölvupósti FST til Mílu, dags. 15. febrúar 2022, var félagið upplýst um að stofnunin hygðist afturkalla áréttinguna/ákvörðunina frá 16. desember 2021 og hvaða tímamörk væru sett í því sambandi. Ekkert svar barst frá Mílu við þessum pósti.

## II.

### Forsendur

(7) Eins og fyrr segir var það alls ekki ætlun FST að taka stjórnvaldsákvörðun um framangreint á þessu stigi og var málið því ekki undirbúið og unnið sem stjórnslumál. Af forsendum tilvitnaðs úrskurðar er hins vegar ljóst, að mati úrskurðarnefndar, að með áréttingu FST var tekin sérstök stjórnsluákvörðun sem í ljósi stöðunnar er haldin verulegum formannmörkum og er því ógildanleg. Þá skiptir hér einnig máli að um er að ræða íþyngjandi ákvörðun gagnvart Mílu ehf. og er ógilding hennar í samræmi við kröfugerð félagsins í umræddu kærumáli.

(8) Samkvæmt 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur stjórnvald afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur varið aðila máls, þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila eða ákvörðun er ógildanleg. Þó aðeins þurfi að uppfylla annað skilyrðið er það mat FST að þau séu í raun bæði uppfyllt. Augljóst er að slík afturköllun er Mílu ekki til tjóns og þá er að mati FST ljóst, í samræmi við ofangreint, að ákvörðunin er ógildanleg vegna verulegra formgalla.

## III.

### Niðurstaða

(9) Að öllu framangreindu virtu og með vísan til vísan til 25. gr. stjórnslulaga afturkallar FST umrædda áréttingu/ákvörðun gagnvart Mílu frá 16. desember 2021.

### Ákvörðunarorð

1. **Ákvörðun Fjarskiptastofu um áréttingu stofnunarinnar um gildandi kvaðir á IP-MPLS neti Mílu ehf., dags. 16. desember 2021, er afturkölluð.**
2. **Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

*Fjarskiptastofa, 18. febrúar 2022*

---

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

---

Óskar Hafliði Ragnarsson